



Borgarráð

Samstarfssamningur um lagningu ljósleiðararöra frá Kiðafelli í Kjósarhreppi til Grundarhverfis á Kjalarnesi.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki meðfylgjandi samstarfssamning við Kjósarhrepp um lagningu ljósleiðararöra frá Kiðafelli í Kjós til Grundarhverfis á Kjalarnesi. Verkefnið er til komið vegna þarfa Kjósarhepps um tengingu við grunnkerfi ljósleiðara í Grundarhverfi. Þar sem Reykjavíkurborg hyggst fara sömu leið með ljósleiðara í verkefni um ljósleiðaravæðingu dreifbýlis Reykjavíkur skapast samlegðaráhrif, sem væri góður kostur að nýta. Kjósarhreppur hefur allt frumkvæði að verkefninu og mun sjá um útboð og eftirfylgni með því. Hluttur Reykjavíkurborgar er að fá lagningu rörs fyrir fyrirhugaðan ljósleiðara í áður nefndu verkefni um ljósleiðaravæðingu dreifbýlis Reykjavíkur, bera helming heildarkostnaðar á mótí Kjósarhreppi, veita leyfi til að fara um borgarland og aðstoða við samskipti við landeigendur á fyrirhugaðri leið.

Áætlaður heildarkostnaður verkefnisins er kr. 15.000.000. Upphæðin rúmast innan gildandi fjárhagsáætlunar. Reykjavíkurborg hyggst sækja um styrk frá Ísland ljóstengt 2018 vegna verkefnisins.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Samstarfssamningur við Kjósarhrepp um fjarskiptainnviði

Samstarfssamningur um fjarskiptainnviði

Eignasjóður Reykjavíkurborgar, kt. 621102-2220, f.h. Reykjavíkurborgar hér eftir nefnt RVK, og Kjósarhreppur, kt. 690169-3129, hér eftir nefnt KH, gera með sér eftirfarandi samning um uppbyggingu á fjarskiptainnviðum, notkun þeirra og rekstur.

1. Markmið

1.1

Meginmarkmið þessa samnings er að RVK og KH munu vinna sameiginlega að framkvæmdum vegna uppbyggingar á fjarskiptainnviðum, sem að öðrum kosti hvor aðili fyrir sig þyrfti að framkvæma sjálfstætt. Með þessu er stefnt að hagkvæmni í framkvæmdum og við meðferð á opinberum fjármunum.

2. Samstarf um uppbyggingu fjarskiptainnviða

2.1

RVK og KH munu vinna sameiginlega að lagningu á fjarskiptainnviðum frá sírstöð í Grundarhverfi í Reykjavík að Kiðafelli í Kjósarhreppi. Lögð verða tvö ljósleiðararör, eitt rör fyrir hvorn aðila þessa samnings og er nánari útlistun á framkvæmdinni að finna í eftirfarandi viðauka:

A) Viðauki 1 – Lagnaleið frá Grundarhverfi að Kiðafelli

Framangreindur viðauki skal teljast hluti samnings þessa og skulu samningsaðilar rita upphafsstafi sína á blaðsíður viðaukans.

3. Greiðslur

3.1

Framkvæmd verkþáttarins sem tilgreindur er í grein 2.1 er á ábyrgð KH og skal lagnaleið valin í samstarfi við verkfræðistofuna Eflu fyrir hönd RVK. Eftir að framkvæmd lýkur greiðir RVK helming af beinum framkvæmdakostnaði sem til hefur fallið vegna framkvæmdarinnar, þ.e.a.s. kostnaði við gróft, jarðrask, öflun fjarskiptarörs og lagningu fjarskiptaröra.

3.2

Þegar verkþættinum sem tilgreindur er í grein 2.1 er lokið skal KH senda RVK tilkynningu þess efnis með sannanlegum hætti. Reykjavíkurborg skal sendur reikningur fyrir þeim kostnaði er nefndur er í grein 3.1.

4. Tekjur, gjöld og eignarhald

4.1

Eftir að greiðsla samkvæmt grein 3.1. hefur verið innt af hendi mun eignarhald á þeim fjarskiptainnviðum sem samningur þessi tekur til skiptast líkt og nánar er tilgreint í viðauka 1, gr. x. Þar til greiðsla hefur verið innt af hendi eru tilgreindir fjarskiptainnviðir í eigu KH.

4.2

Eftir að greiðsla samkvæmt grein 3.1 hefur verið innt af hendi mun skipting tekna og gjalda vegna þeirra fjarskiptainnviða sem samningur þessi tekur fara eftir því sem segir í viðauka 1, gr.x.

5. Eftirlit, viðhald, breytingar og viðbætur

5.1

Samningsaðilar munu sinna eftirliti og viðhaldi á séreign sinni eins og tilgreint er í viðauka 1 svo fremi sem að tryggt er að sú vinna sem fram fer hafi ekki neikvæð áhrif á séreign gagnaðila. Komi til þess að

DRÖG

sinna þurfi viðhaldi sem telja má til sameiginlegs viðhalds, svo sem tilfærslu á lögninni, skal slík framkvæmd undirbúin og framkvæmd með þátttöku beggja samningsaðila.

5.2

Til þess að breyta eða gera viðbætur við þær eignir sem samningur þessi tekur til þarf skriflegt samþykki beggja aðila hans svo fremi sem þær breytingar eða viðbætur kunna að hafa áhrif á séreign gagnaðila. Kostnaður vegna þessa skiptist jafnt á milli RVK og KH. Gagnist breyting eða viðbót aðeins öðrum aðila samnings þessa skal sá aðili ber kostnaðinn að öllu leyti.

6. Endurskoðun, uppsögn og vanefndir

6.1

Samningurinn skal tekin til endurskoðunar einu sinni á ári ef þess er óskað af öðrum eða báðum samningsaðilum.

6.2

Báðum aðilum er heimilt að ráðstafa eignarrétti sínum yfir þeim fjarskiptainviðum er samningur þessi fjallar um án takmarkanna eða afskipta samningsaðila. Selji eða ráðstafi annar samningsaðili séreign sína sem tilgreind er í Viðauka 1 skal kaupanda kynnt efni þessa samnings auk þess sem gagnaðili skal, með sannanlegum hætti, upplýstur um hinn nýja eiganda. Kaupandi tekur þar með við þeim skyldum sem tilgreindar eru í samningi þessum í nafni þess sem selur.

6.3

Samningurinn nær ekki til neins afleidds tjóns sem aðilar geta orðið fyrir.

7. Meðferð ágreiningsmála

7.1

Rísi ágreiningur út af samningi þessum og aðilar ná ekki samkomulagi um ágreiningsefnið skal reka málið samkvæmt íslenskum lögum fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. Annað

8.1

Samningur þessi, sem telur tvær tölusettar blaðsíður, skal undirritaður hér að neðan með fullu nafni og upphafsstöfum á fyrri blaðsíður. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Þá skulu samningsaðilar jafnframt rita upphafsstafi sína á viðauka, sbr. grein 2.1.

8.2

Samningur þessi með fyrirvara um samþykki Borgarráðs. Samþykki Borgarráð ekki samnings þennan er hann óskuldbindandi án bótaábyrgðar Reykjavíkurborgar.

Staður: _____

Dagsetning: _____

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Kjósarhrepps

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

Nafn: _____ kt.

DRÖG

Nafn:

kt.

Viðauki 1 við Samstarfssamning um fjarskiptainnviði
Lagning á ljósleiðararörum frá Grundarhverfi að Kiðafelli



Mynd 1: Fyrirhuguð lagnaleið frá Grundarhverfi að Kiðafelli

1. Upplýsingar um umfang verksins

Leiðarljós ehf, sem er alfarið í eigu Kjósarhrepps, þarf að leggja ljósleiðararör frá Kiðafelli í Kjósarhreppi að sírstöð Mílu og/eða tengimiðju Gagnaveitu Reykjavíkur sem báðar eru í Grundarhverfi í Reykjavík, til þess að tengja ljósleiðarakerf Kjósarhreppi við núverandi innviði fjarskipta landsins.

Samkvæmt frumhönnun Reykjavíkurborgar sem unnin er af verkfræðistofunni Eflu þarf Reykjavíkurborg að leggja ljósleiðarastreng sambærilega leið til þess að tengja heimili og fyrirtæki í dreifbýli borgarinnar á þessu svæði við sömu sírstöðvar.

Mikil hagkvæmni er því fólgin í því að sveitarfélögin sameinist um framkvæmdina.

Lögð verða tvö samliggjandi fjarskiptarör, 20mm að utanmáli, umrædda lagnaleið, sem sjá má í grófum dráttum á mynd 1 hér að ofan. Verkfræðistofan Efla f.h. Reykjavíkurborgar og Snerra ehf f.h. Kjósarhrepps velja endanlega og nákvæma lagnaleið í samráði við þá landeigendur sem eiga það land er lögnin fer um.

Á umræddri lagnaleið sem í allt er um 10km löng mun Leiðarljós setja niður þrjá fjarskiptabrunna með því sem næst jöfnu millibili til að auðvelda blástur á stofnstreng félagsins.

2. Verkaskipting

- a. **Val á lagnaleið:** Samstarf beggja aðila
- b. **Samningar við landeigendur:** Kjósarhreppur/Leiðarljós í samráði við Reykjavíkurborg
- c. **Öflun annarra lögbundinna leyfa:** Kjósarhreppur og/eða Reykjavíkurborg, eftir því sem við á.

- d. **Efnisval og framkvæmd útboðs/verðkönnunar vegna framkvæmda:**
Kjósarhreppur/Leiðarljós.
- e. **Verkeftirlit:** Kjósarhreppur
- f. **Veiting leyfa er snúa beint að Reykjavíkurborg:** Reykjavíkurborg flýttir fyrir veitingu leyfa eins og kostur er.

3. Eignarhald:

- a. Ljósleiðararör A er séreign Reykjavíkurborgar
 - b. Ljósleiðararör B er séreign Leiðarljóss
 - c. Fjarskiptabrunnar eru séreign Leiðarljóss
- 4. Framkvæmdartími:** Verklok eigi síðar en áramót 2018 og 2019 nema til komi ófyrirséðir atburðir.
- 5. Tekjur og gjöld:** Eftir framkvæmd ber hvor aðili fyrir sig tekjur og gjöld af séreign sinni án afskipta gagnaðila.
- 6. Eftirlit og viðhald með lögn:** Hvor aðili fyrir sig veitir sinni séreign eftirlit og sinnir viðhaldi, sjá þó grein 5.2 í samningi.
- 7. Greiðslur:** RVK greiðir helming þess kostnaðar sem til fellur vegna þessarar framkvæmdar eftir að henni er lokið eins og nánar er tilgreint um í 3. Kafla samningsins.